

# STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1976

---

Nr. 66.

96

19. mars 1976.

## REGLUGERÐ

um friðunarsvæði í Reykjavjarðarál.

### 1. gr.

Allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd.) og að austan af 20°20'0 v.lgd.

### 2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1976.*

F. h. r.

**Dórður Ásgeirsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 67.

10. mars 1976.

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps.

### 1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Hreppsnefnd lætur leggja dreifikerfi vatnsveitu utanhúss, inn fyrir húsvegg með stoppkrana og má ekki hylja hann. Telst dreifikerfi vatnsveitunnar ná þangað og vera eign hennar.

### 2. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur